

lífið

EFFIR VINNU



Hollendingurinn fljúgandi

Óperan Hollendingurinn fljúgandi eftir Richard Wagner verður sýnd á Stóra sviði Þjóðleikhússins í kvöld kl. 20. Uppfærslan er samstarfsverkefni Íslensku óperunnar, Þjóðleikhússins, Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands og Listahátíðar í Reykjavík. Hollendingurinn fljúgandi er rómantísk ópera í þremur þáttum. Óperan gerist við strendur Noregs og fjallar um Hollendinginn fljúgandi, sem að eilífu var dæmdur til að sigla um heimsins höf þar til hann fundi konu sem sýndi honum sanna ást og sviki hann ekki.

Leikhús

Dansandi Salka Valka

Salka Valka er dansverk eftir Auði Bjarnadóttur, byggt á sögunni um **Sólku Völu** eftir Halldór Laxness, sem sýnt verður í Borgarleikhúsinu kl. 20 í kvöld. Dansarar eru úr Íslenska dansflokknunum. Miðaverð er 2.400 kr.

Tónleikar

F.U.C.K. NATO rokkhátíð í Tjarnarbíói

Nokkrar rokkhljómsveitir hafa tekið sig saman um að mótmæla fundahaldi NATO hérlandis með tvennum tónleikum í Tjarnarbíói, í kvöld og á morgun. Í kvöld koma fram **Reaper, Citizen Joe, Dys, Brain Police, Snafu** og **Andlát**. Tónleikarnir standa frá 19–23 og kostar 500 krónur inn. 16 ára aldurstakmark.

Thirteen á Gauknum

Hallur Ingólfsson skipar einn hljómsveitina **Thirteen** sem nýverið gaf út sína þriðju breiðskífu, **Magnifico Nova**. Hallur, með aðstoð valinkunnra listamanna, verður með tónleika á **Gauknum** í kvöld og er vert að tékka á því.

Klassík

18. aldar tónlist í Ráðhúsinu

Guðmundur Kristmundsson og Hávarður Tryggvason flytja verk frá 18. öld fyrir víólu og kontrabassa í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Burtfarartónleikar í Salnum

Jóhanna Marín Óskarsdóttir píanóleikari heldur burtfarartónleika sína frá **Tónskála Sigursveins í Salnum** klukkan 20 í kvöld.

Síðustu forvöð

3 spænskir listmálarar í Reykjavík

Þrjú spænskir listmálarar ljúka sýningu sinni í **Gallerí Reykjavík**. Listmálararnir **Carmelo Hidalgo, Marijo Murillo** og **Rocio Gallardo** eru Spánverjar sem búsettir eru í Reykjavík og starfa héraendis að list sinni. Allir velkomnir, aðgangur er ókeypis frá 12–18 í dag.

Listir

■ **Órleikverk á Skólavörðuholti** Kl. 17.05 verður flutt órleikverk **Hvers vegna elskar mig enginn?** eftir Karl Ágúst Úlfsson og Fjólni Björn Hlynsson.

Glæsileg tangósýning

Cenizas de tango er glæsileg tangósýning beint frá **Argentínu**. Tólf dansarar taka þátt í sýningunni en þeir skípa danshópin El Escote. Sýnd í **Íslensku óperunni** kl. 20.30.

Fótboltasögur í Leikhúskjallaranum


Í tilefni af því að Íslandsmótíð í fótbolta fer að hefjast er dagskrá **Listaklúbbs Leikhúskjallarans** helguð fótbolta. Flutt verður leikgerð unnin upp úr **Fótboltasögum** eftir **Elisabetu Jökulsdóttur**. Leikstjóri er **Helga E. Jónsdóttir**, höfundur leikgerðar er **Elisabet Rónaldsdóttir** og leiklestur annast þeir **Björn Jörundur Friðbjörnsson, Hilmar Jónsson** og **Stefán Jónsson**. Dagskráin hefst klukkan 20.30 og kostar 1.000 kr. inn.

Listahátíð 2002 hafin:

Mikið um dýrðir í borginni

Listahátíð 2002 í Reykjavík hefur farið vel af stað. Hún var sett á laugardag í anddyri Borgarleikhússins og var sú athöfn hátíð út af fyrir sig. Úti á hlaði tóku hinir glaðværu **Mobile Homme** á móti gestum. Önnur stúlkan í hópnum gerði sér dælt við karlmennina og rak forsetanum rembingsskoss á báðar kinnar, að viðstaddri unnustu hans. Ingibjörg Sólrún borgarstjóri setti hátíðina og Þórunn Sigurðardóttir listahátíðarstjórnandi flutti snjallt ávarp, kryddað setningum eftir Kiljan. Tónlistarmennirnir Pétur Grétarsson og Sigurður Flöson lúku brot úr spunaverki sínu, **Raddir þjóðar**, og **Scola Cantorum** frumflutti nýtt lag eftir **Báru Grímsdóttur** við Vor-

kvæði Halldórs Laxness. Dansarar úr argentínska danshópnum **El Escote** dönsuðu ekta suður-amerískan tangó og gangsett var hljóðverk **Finnboga Péturssonar** myndlistarmanns, tileinkað Halldóri Laxness. Í gær, sunnudag, voru fjölmörg atriði á dagskrá hátíðarinnar. Öll hrifu þau gesti en fjölmennust var sýning hinna fljúgandi óróaseggja, **Mobile Homme**, yfir Austurvelli. Í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, var opnuð viðamikil sýning á íslenskrum samtímalist og einnig var dans- og myndverkið **Brakraddir** þar á dagskrá. Listahátíð stendur út mánuðinn svo sannkölluð menningarveisla er fram undan í höfuðborginni. **-Gun.**




Listhneigðar mæðgur

Sjónvarpsstjarnan **Eva María** og dóttirin **Matthildur** voru mættar við opnun hátíðarinnar.



Við opnunina

Ólafur Ragnar Grímsson forseti og Tessa Blackstone voru meðal gesta við opnun Listahátíðar.



Blóðheitur tangó

Dansflokkurinn **El Escote** frá Buenos Aires sýndi tilþrífamíkin tangó við setningu listahátíðarinnar. Það var fyrsta sýning hans af fimm og hann mun líka halda námskeið í **Kramhúsinu** áður en hann fer af landi brott.



Áhrifamesti kvenljósmyndari allra tíma

Mary Ellen Mark opnaði sýninguna **American Odyssey** á **Kjarvalsstöðum**. Þar getur að líta bandarískar myndir frá 36 ára tímabili, 1963–1999.

DV-MYND HARI

Á Kjarvalsstöðum

Ljósmyndir Mark eru flestar af fólki sem orðið hefur undir í hinu bandaríska þjóðfélagi og gefa því innsýn í heim sem mörgum er hulinn.